

32. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún haldinn 30. september 2015 að Húnavöllum, klukkan 14:00

Mætt voru: Anna Margret Sigurðardóttir, Helga Ingimarsdóttir, Róbert Kristjánsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Skarphéðinn Einarsson.

Anna Margret Sigurðardóttir, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram dagskrá

Dagskrá:

1. Skólastjóri gerir grein fyrir starfi skólans
2. Ársreikningar 2014
3. Ákvörðun um æfingargjöld
4. Staða framkvæmda
5. Önnur mál

**1. Skólastjóri gerir grein fyrir starfi skólans:**

- a. Skarphéðinn Einarsson, skólastjóri greindi frá því að það væru 96 nemendur við skólann og væru alls kennslutímar alls 86.
- b. Fjölgað hefur nemendum á Blönduósi en aðeins fækkun á Húnavöllum.
- c. Kennarar skólans eru: Benedikt Blöndal, Huguína Sif Hallgrímsdóttir, Eyþór Franzson og Skarphéðinn Einarsson

**2. Ársreikningar 2014:**

- a. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningum ársins 2014.
  - i. Tekjur alls 39.380.103 krónur
  - ii. Gjöld alls 36.373.825 krónur
  - iii. Hagnaður ársins eftir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 3.117.149 krónur.
- b. Stjórn samþykkti samhljóða ársreikninginn og undirritaði hann.

**3. Ákvörðun um æfingargjöld:**

- a. Stjórn samþykkir að fresta ákvörðun um æfingargjöld til gerðar fjárhagsáætlunar.

**4. Staða framkvæmda:**

- a. Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda á Húnabraut 26.
  - i. Búið er að framkvæmda múrviðgerðir og mála húsið.
  - ii. Gluggar og hurðir í smíðum fyrir norður og vesturhliðar


**5. Önnur mál:**


- a. Lagt er til að Jóhanna Magnúsdóttir og Skarphéðinn Einarsson myndu undirbúa hátíð fyrir núverandi og fyrrverandi nemendur skólans.
- b. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa gerð á skilti um gefanda húsins.

Fundi slitið kl. 14:40

Fundargerð ritaði Einar Kristján Jónsson


  
Helga Ingimarsdóttir

  
Róbert Kristjánsson

  
Einar Kristján Jónsson

  
Jóhanna Magnúsdóttir

  
Anna Margret Sigurðardóttir

  
Skarphéðinn Einarsson